

STAÐA LAUNAFÓLKS Á ÍSLANDI 2025

Niðurstöður spurningakönnunar
meðal félaga í aðildarfélögum ASÍ
og BSRB

Október 2025



Staða launafólks á Íslandi: Niðurstöður spurningakönnunar meðal félaga í aðildarfélögum ASÍ og BSRB

Útgefandi: Varða - Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins
Höfundar: Kristín Heba Gísladóttir og Sóllilja Bjarnadóttir
Úrvinnsla tölfraðilegra gagna: Sóllilja Bjarnadóttir og Sigrún Ólafsdóttir

Guðrúnartún 1 105 Reykjavík
Sími: 535 5629
Netfang: rannvinn@rannvinn.is
Vefsíða Vörðu: rannvinn.is
ISBN númer: 978-9935-532-56-5

©Varða - Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins, 2025

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	1
2	Aðferð.....	2
2.1	Fyrirlögn	2
2.2	Svarhlutfall.....	2
2.3	Meðhöndlun gagna.....	2
2.4	Mælingar	3
2.4.1	Andleg líðan.....	3
2.4.2	Skortur á efnislegum- og félagslegum gæðum	4
2.1	Bakgrunnsbreytur.....	6
2.1.1	Kyn.....	6
2.1.2	Uppruni	6
2.1.3	Tekjur.....	7
2.2	Úrvinnsla gagna	8
3	Niðurstöður.....	9
3.1	Staða á vinnumarkaði.....	9
3.2	Fjárhagsstaða.....	11
3.3	Andleg- og líkamleg heilsa	19
4	Viðauki	22
4.1	Lýðfræði.....	22
4.2	Tekjur.....	24
4.3	Staða á húsnæðismarkaði.....	29
4.4	Staða á vinnumarkaði.....	30
4.5	Fjárhagsstaða.....	34
4.5.1	Auðvelt eða erfitt að ná endum saman.....	34
4.5.2	Geta mætt óvæntum 100 þúsund króna útgjöldum	36
4.5.3	Efnislegur skortur á heimili	37
4.5.4	Efnislegur skortur einstaklinga	38
4.5.5	Skortur á efnis- og félagslegum gæðum - samantekið.....	39
4.5.6	Skuldir.....	41
4.5.7	Eignir.....	43
4.5.8	Byrði kostnaðar	45

4.5.9	Fjárskortur komið í veg fyrir að hægt sé að greiða þætti fyrir börn	47
4.6	Heilsa	49
4.6.1	Líkamleg heilsa	49
4.6.2	Andleg heilsa	51
	Heimildarskrá.....	53
	Spurningalisti	54

Myndayfirlit

Mynd 1.	Hlutfall karla og kvenna í fullu starfi.	9
Mynd 2.	Algengustu starfsgreinar eftir kyni.	10
Mynd 3.	Hlutfall launafólks sem á nokkuð auðvelt, auðvelt eða mjög auðvelt með að ná endum saman.	11
Mynd 4.	Ríflega sex af hverjum tíu búa í eigin húsnæði (64%).	11
Mynd 5.	Átta af hverjum tíu eiga bíl (81%).	11
Mynd 6.	Skortur á efnislegum og félagslegum gæðum.	12
Mynd 7.	Fimmtungur foreldra (19%) hefur ekki efni á að gefa börnum sínum eins næringarríkan mat og þau vilja.....	13
Mynd 8.	Nokkuð erfitt, erfitt eða mjög erfitt að ná endum saman eftir heimilistekjum.	14
Mynd 9.	Hlutfall foreldra sem segir að fjárskortur á síðastliðnum 12 mánuðum hafi komið í veg fyrir að þeir gætu gefið börnum sínum eins næringarríkan mat og þeir vilja eftir heimilistekjum á mánuði.....	15
Mynd 10.	Atvinnutekjur á mánuði fyrir skatta og önnur gjöld eftir uppruna.	16
Mynd 11.	Tæplega sex af hverjum tíu innflytjendum eru í leiguhúsnæði á almennum markaði, leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrífnum leigusamtökum eða í leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda.	17
Mynd 12.	Hlutfall launafólks með heildartekjur á mánuði undir 749 þúsund eftir kyni.	18
Mynd 13.	Frekar eða mjög slæm líkamleg heilsa eftir heimilistekjum.....	19
Mynd 14.	Hlutfall kvenna, karla, innfæddra og innflytjenda sem býr við slæma andlega líðan.	20
Mynd 15.	Hlutfall launafólks sem býr við slæma andlega líðan eftir heimilistekjum.	21

Töfluyfirlit

Tafla 1. Lýðfræði svarenda eftir kyni og uppruna.	22
Tafla 2. Lýðfræðileg samsetning eftir kyni.	22
Tafla 3. Lýðfræðileg samsetning eftir uppruna.	23
Tafla 4. Heildartekjur í síðasta mánuði fyrir skatta og önnur gjöld eftir kyni.	24
Tafla 5. Heildartekjur í síðasta mánuði fyrir skatta og önnur gjöld eftir uppruna.	24
Tafla 6. Heildartekjur í síðasta mánuði fyrir skatta og önnur gjöld eftir menntun.	25
Tafla 7. Heildartekjur í síðasta mánuði fyrir skatta og önnur gjöld eftir aldri.	26
Tafla 8. Heildartekjur heimilis í síðasta mánuði fyrir skatta og önnur gjöld eftir kyni.	26
Tafla 9. Heildartekjur heimilis í síðasta mánuði fyrir skatta og önnur gjöld eftir uppruna.	26
Tafla 10. Heildartekjur heimilis í síðasta mánuði fyrir skatta og önnur gjöld eftir menntun.	27
Tafla 11. Heildartekjur heimilis í síðasta mánuði fyrir skatta og önnur gjöld eftir aldri.	28
Tafla 12. Staða á húsnæðismarkaði eftir kyni.	29
Tafla 13. Staða á húsnæðismarkaði eftir uppruna.	29
Tafla 14. Staða á vinnumarkaði eftir kyni.	30
Tafla 15. Staða á vinnumarkaði eftir uppruna.	31
Tafla 16. Starfsgreinar eftir kyni.	32
Tafla 17. Starfsgreinar eftir uppruna.	33
Tafla 18. Auðvelt eða erfitt með að ná endum saman eftir kyni.	34
Tafla 19. Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir uppruna.	34
Tafla 20. Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir heildartekjum heimilis í síðasta mánuð fyrir skatta og önnur gjöld.	35
Tafla 21. Geta mætt óvæntum 100.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar eftir kyni. ...	36
Tafla 22. Geta mætt óvæntum 100.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar eftir uppruna.	36
Tafla 23. Geta mætt óvæntum 100.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar eftir heildartekjum heimilis í síðasta mánuð fyrir skatta og önnur gjöld.	36
Tafla 24. Þættir efnislegs skorts á heimili eftir kyni.	37
Tafla 25. Þættir efnislegs skorts á heimili eftir uppruna.	37
Tafla 26. Þættir efnislegs skorts einstaklinga eftir kyni.	38
Tafla 27. Þættir efnislegs skorts einstaklinga eftir uppruna.	38
Tafla 28. Skortur á efnis- og félagslegum gæðum samantekið eftir kyni.	39
Tafla 29. Skortur á efnis- og félagslegum gæðum samantekið eftir uppruna.	39
Tafla 30. Skortur á efnis- og félagslegum gæðum samantekið eftir heildartekjum heimilis í síðasta mánuð fyrir skatta og önnur gjöld.	40
Tafla 31. Yfirdráttur, smálán/skammtímalán, húsnæðislán, bílalan, rekstrarleiga bíls, námslán og lán hjá vini eða fjölskyldu meðal launafólks eftir kyni.	41
Tafla 32. Yfirdráttur, smálán/skammtímalán, húsnæðislán, bílalan, rekstrarleiga bíls, námslán og lán hjá vini eða fjölskyldu meðal launafólks eftir uppruna.	41
Tafla 33. Yfirdráttur, smálán/skammtímalán, húsnæðislán, bílalan, rekstrarleiga bíls, námslán og lán hjá vini eða fjölskyldu meðal launafólks eftir heildartekjum heimilis í síðasta mánuði fyrir skatta og önnur gjöld.	42

Tafla 34. Fasteign, bíll, sparnaður, viðbótarlífeyrissparnaður, sumarhús, fasteign erlendis, fasteign í útleigu og verðbréfa meðal launafólks eftir kyni.	43
Tafla 35. Fasteign, bíll, sparnaður, viðbótarlífeyrissparnaður, sumarhús, fasteign erlendis, fasteign í útleigu og verðbréfa meðal launafólks eftir uppruna.	43
Tafla 36. Fasteign, bíll, sparnaður, viðbótarlífeyrissparnaður, sumarhús, fasteign erlendis, fasteign í útleigu og verðbréfa meðal launafólks eftir heildartekjum heimilis í síðasta mánuði fyrir skatta og önnur gjöld.....	44
Tafla 37. Auðvelt eða erfitt að standa straum af kostnaði vegna húsnæðis, samgangna, matarinnkaupa, fastra útgjalda, afþreyingar, fría og barna eftir kyni.	45
Tafla 38. Auðvelt eða erfitt að standa straum af kostnaði vegna húsnæðis, samgangna, matarinnkaupa, fastra útgjalda, afþreyingar, fría og barna uppruna.	46
Tafla 39. Fjárskortur síðastliðna 12 mánuði komið í veg fyrir að hægt sé að greiða grunnþætti fyrir börn eftir kyni.	47
Tafla 40. Fjárskortur síðastliðna 12 mánuði komið í veg fyrir að hægt sé að greiða grunnþætti fyrir börn eftir uppruna.	47
Tafla 41. Fjárskortur síðastliðna 12 mánuði komið í veg fyrir að hægt sé að greiða grunnþætti fyrir börn eftir heildartekjum heimilis í síðasta mánuði fyrir skatta og önnur gjöld.	48
Tafla 42. Hversu gott eða slæmt líkamlegt heilsufar eftir kyni.....	49
Tafla 43. Hversu gott eða slæmt líkamlegt heilsufar eftir uppruna.....	49
Tafla 44. Hversu gott eða slæmt líkamlegt heilsufar eftir heildartekjum heimilis í síðasta mánuði fyrir skatta og önnur gjöld.....	50
Tafla 45. Tíðni neikvæðra andlegra einkenna eftir kyni.	51
Tafla 46. Stig á heildarkvarða PHQ-9 eftir kyni.	52
Tafla 47. Stig á heildarkvarða PHQ-9 eftir uppruna.	52
Tafla 48. Stig á heildarkvarða PHQ-9 eftir heildartekjum heimilis í síðasta mánuði fyrir skatta og önnur gjöld.	52

1 Inngangur

Varða-Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins hefur frá stofnun lagt árlega fyrir könnun meðal félagsfólks í aðildarfélögum ASÍ og BSRB enda er það eitt af markmiðum stofnunarinnar að rannsaka lífsskilyrði launafólks á Íslandi og gera grein fyrir stöðu þess.

Markmið könnunarinnar er að varpa ljósi á fjárhagstöðu þeirra sem eru í heildarsamtökunum tveimur en einnig á stöðu þeirra á húsnæðismarkaði og andlega- og líkamlega heilsu. Könnunin var lögð fyrir í júní 2025 og er aðferð hennar lýst í öðrum kafla. Í niðurstöðukafla eru helstu mynstur þeirra greininga sem gerðar voru á gögnunum dregin saman. Ítarlegri töflur og greiningar eru aðgengilegar í viðauka. Niðurstöðurnar eru brotnar niður eftir kyni, uppruna og heimilistekjum.

2 Aðferð

Rannsóknin byggir á gögnum sem aflað var í spurningakönnun meðal félagsfólks í aðildarfélögum ASÍ og BSRB og var markmið könnunarinnar að rannsaka fjárhagsstöðu þess ásamt stöðu á húsnæðismarkaði sem og andlega- og líkamlega heilsu. Innan heildarsamtakanna tveggja eru 154.403 félagar í 61 aðildarfélagi (19 félög eru innan BSRB og 42 innan ASÍ).

2.1 Fyrirlögn

Könnunin var send út með milligöngu þjónustufyrirtækja stéttarfélaganna. Þjónustufyrirtækin sendu upplýsingar um könnunina og eina ítrekun til félagsfólks, sem hafði greitt að minnsta kosti eitt iðgjald síðastliðna sex mánuði, og var með skráð netfang og/eða símanúmer í félagatali aðildarfélaganna. Alls sáu þjónustufyrirtækin um útsendingu könnunarinnar til félagsfólks í 39 aðildarfélögum heildarsamtakanna tveggja. Fjögur aðildarfélög sendu sjálf upplýsingar um könnunina til félagsfólks síns með sömu skilyrðum. Könnunin var því lögð fyrir félagsfólk í 43 aðildarfélögum heildarsamtakanna. Innan þeirra 43 aðildarféлага sem tóku þátt eru alls 143.724 félagar. Alls tóku 18 aðildarfélög ekki þátt í könnuninni og eru félagar þeirra alls 10.679. Könnunin og upplýsingar um hana var á íslensku, ensku og pólsku. Könnunin var rafræn og opin frá 13. júní 2025 til 3. júlí 2025.

2.2 Svarhlutfall

Könnunin var ætluð félagsfólki í 43 aðildarfélögum ASÍ og BSRB sem hafði greitt að minnsta kosti eitt iðgjald síðastliðna sex mánuði og var með netfang eða símanúmer skráð í félagatali stéttarfélagsins, alls 141.165 félagar. Af þeim svöruðu 24.644 félagar. Svarhlutfall var 17,42%.

2.3 Meðhöndlun gagna

Áður en gagnagreining hófst voru gögnin skoðuð með tilliti til hversu vel þau endurspegluðu þýðið og hvort nauðsyn væri á að vigta gögnin eftir þekktum eiginleikum þess með tilliti til kyns og stéttarfélags. Bakgrunnsbreytur voru auk þess skoðaðar út frá aldri, menntun og uppruna.

Gögnin voru vigtuð út frá þekktum eiginleikum, þ.e. út frá kyni úr félagatali heildarsamtakanna tveggja. Dreifing breyta var mjög lík, annars vegar í vigtuðum og hins vegar í óvigtuðum gögnum.

Vigtunin var hönnuð sem eftirvigtun (e. *post-stratification*) í fjórum hópum - skilgreindum af kyni (kona/kvár á móti karl) og félagshópi (BSRB á móti ASÍ). Fyrst var þýðið fyrir vigtun afmarkað þannig að einungis svarendur í BSRB eða ASÍ með gilt kyn fóru í útreikning (ekki „vil ekki svara/annað“). Fyrir hvert félag var reiknað hlutfall hvors kyns, þ.e. fjórir mismunandi hópar sem voru skoðaðir.

Ákveðið var að vigta út frá þessum breytum þar sem kynjahlutföll innan samtakanna eru aðgengileg. Markmið vigtunarinnar var tvíþætt. (i) sannreyna að vigtaðar dreifingar kyns innan hvors samtaks væru sambærilegar og í þýði, (ii) bera saman helstu lýsandi niðurstöður og lykilniðurstöður í greiningu með og án vigtunar.

Í báðum tilvikum reyndust vigtaðar og óvigtaðar niðurstöður nánast eins; munur var lítilfjörlegur og breytti ekki efnislegri túlkun niðurstaðna. Á grundvelli þessa var ákveðið að nota óvigtað gögn í greiningunni þar sem vigtað gögn geta haft áhrif á marktækni og búið til sambönd sem eru ekki til í þýðinu. Með óvigtaðum niðurstöðum er gagnsæi og nákvæmni háværkuð, en næmnimat með vigtun er til staðar og gefur sambærilegar niðurstöður.

2.4 Mælingar

2.4.1 Andleg líðan

Við mat á andlegri líðan var notast við Patient Health Questionnaire (PHQ-9) sem er einfaldur níu spurninga sjálfsmatskvarði sem hefur verið þýddur á íslensku og rannsakaður með tilliti til réttmætis og áreiðanleika. Kvarðinn metur einkenni þunglyndis og alvarleika þess (Andri Steinþór Björnsson o.fl., 2018). Spurt var hversu oft á síðustu tveimur vikum viðkomandi hefði fundið fyrir hverju einkenni fyrir sig á fjörgildum skala (0 = alls ekki, 1 = nokkra daga, 2 = meira en helmingstímans, 3 = nánast alla daga). Spurt var um eftirfarandi einkenni:

1. Lítil áhugi eða gleði við að gera hluti.
2. Verið niðurdregin/n/ð, dapur/döpur/dapurt eða vonlaus/t.
3. Átt erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina.
4. Þreyta og orkuleysi.
5. Lystarleysi eða ofát.
6. Liðið illa með sjálfa/n/t þig eða fundist að þér hafi mistekist eða ekki staðið þig í stykkinu gagnvart sjálfum/sjálfri/sjálfu þér eða fjölskyldu þinni.

7. Erfiðleika með einbeitingu, t.d. við að lesa blöðin eða horfa á sjónvarp.
8. Hreyft þig eða talað svo hægt að aðrir hafa tekið eftir því. Eða hið gagnstæða – verið svo eirðarlaus/t eða óróleg/ur/t að þú hreyfðir þig miklu meira en venjulega.
9. Hugsað um að það væri betra að þú værir dain/n/ð eða hugsað um að skaða þig á einhvern hátt (Agnes Agnarsdóttir o.fl., e.d.).

Hver svarandi gat fengið 0-27 stig. Hér eru 10 eða fleiri stig metin sem slæm andleg heilsa (Kroenke & Spitzer, 2002). Þeir sem sleppa því að svara öllum spurningunum fá brottfallsgildi (e. *missing value*). Þeir sem merkja við a.m.k. eina spurningu en svara ekki öllum spurningunum fá gildið 0 við þær spurningar sem ekki var svarað. Heilsan er því ekki verri en gögnin segja til um.

2.4.2 Skortur á efnislegum- og félagslegum gæðum

Fjárhagsstaða var metin með nokkrum spurningum þar með talið spurningum sem saman mæla skort á efnislegum og félagslegum gæðum og Hagstofa Evrópusambandsins notar. Spurningin var nýlega uppfærð ásamt stöðlum á því hvað er skilgreint sem skortur og verulegur skortur (Living conditions in Europe – material deprivation and economic strain, 2024).

Skortur á efnislegum og félagslegum gæðum var mældur á sama hátt og Hagstofa Evrópusambandsins gerir, út frá 13 atriðum sem meta annarsvegar skort á heimili og hins vegar einstaklingsbundinn skort. Spurningarnar sem voru lagðar fram höfðu þrjá svarmöguleika: „Já“, „Nei“ og „Vil ekki svara“. Heimilisskortur var mældur út frá eftirfarandi þáttum:

1. hvort hægt væri að mæta óvæntum útgjöldum.
2. hvort efni sé á vikulöngu fríi fjarri heimili.
3. hvort hægt væri að greiða reikninga á eindaga (þ.m.t. húsnæðislán/leigu og aðra reikninga).
4. hvort efni væri á kjöti, fiski eða sambærilegri grænmetismáltíð annan hvern dag.
5. hvort hægt væri að sinna nauðsynlegu viðhaldi heimilisins.
6. hvort aðgangur væri að bíl til einkanota.
7. hvort hægt væri að skipta út slitnum húsgögnum.

Einstaklingsskortur sneri að því hvort viðkomandi væri með:

1. nettengingu.
2. gæti skipt út slitnum fatnaði.
3. ætti tvö pör af skóm sem passa (þar á meðal vatnshelda skó).
4. eyddi smávegis pening í sjálfa(n)/sig á hverri viku.
5. sinnti reglulega tómstundum eða áhugamálum.
6. hitti vini/fjölskyldu að minnsta kosti mánaðarlega.

Í úrvinnslu var gildinu 99 vísað frá sem brottfallsgildi ef engum lið var svarað. Til að búa til flokkabreytu fyrir mismunandi tegundir af skorti var síðan talið hversu oft fólk merkti við „nei“ og varð því talningin á bilinu 0–13, þar sem hærri gildi gefa til kynna meiri skort. Með þessu er tekinn saman skortur á heimili og einstaklingsskortur í samræmi við skilgreiningu Hagstofu Evrópusambandsins (Living conditions in Europe – material deprivation and economic strain, 2024).

Til að greina alvarleika skorts í skýrum flokkum var breytan endurkóðuð til að telja hversu marga þætti svarendur skorti. Flokkarnir urðu því sjö. Í fyrsta lagi voru talin þau sem merktu við fáa skortliði – eða þau sem merktu við engan, einn þátt, tvo þætti, þrjá þætti eða fjóra þætti. Samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Evrópusambandsins býr einstaklingur við skort sem hefur ekki fimm eða sex þeirra þátta sem spurt var um og var sá hópur því greindur sérstaklega. Þeir sem skortir sjö þætti búa við verulegan skort, samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Evrópusambandsins (Living conditions in Europe – material deprivation and economic strain, 2024).

2.1 Bakgrunnsbreytur

Þær bakgrunnsbreytur sem voru notaðar í skýrslunni voru kyn, uppruni og heimilistekjur (og á einum stað einnig einstaklingstekjur). Til að tryggja samanburðarhæfni og einfalda greiningu voru upprunalegar breytur endurkóðaðar með þeim hætti sem lýst er hér að neðan.

2.1.1 Kyn

Spurningin „Hvert er kyn þitt?“ bauð upp á fimm svarmöguleika: (1) kona, (2) karl, (3) kvár, (4) annað og (5) vil ekki svara. Við úrvinnslu voru svör sameinuð í tvo flokka. Í fyrsta lagi voru svör við kona og kvár sameinuð í einn flokk (kóðað sem 1 = „kona/kvár“). Í öðru lagi var svarmöguleikinn karl haldinn aðskilinn (kóðað sem 2 = „karl“). Svörin „annað“ og „vil ekki svara“ voru kóðuð sem brottfallsgildi. Aðeins 14 einstaklingar merktu við „annað“. Að lokinni kóðun voru þessi svör meðhöndluð sem brottfallsgildi og þar með ekki tekin með í greiningu. Lokaniðurstaðan er því tvíkösta breyta sem greinir á milli karla annars vegar og kvenna/kvára hins vegar.

2.1.2 Uppruni

Til að greina þátttakendur eftir uppruna var unnið með tvær spurningar úr gagnasafninu. „Hvert er upprunaland foreldra þinna?“ og „Hvert er upprunaland þitt?“. Með því að sameina þessar breytur var búin til ný flokkabreyta sem endurspeglar stöðu fólks með tilliti til fæðingarlands og bakgrunns foreldra. Breytan var flokkuð með eftirfarandi hætti:

Innfæddir: Þeir sem eru fæddir á Íslandi og báðir foreldrar eru íslenskir.

Innflytjandi: Þeir sem eru fæddir erlendis og báðir foreldrar eru erlendir.

Með erlendan bakgrunn: Þeir sem annaðhvort eru fæddir á Íslandi og eiga báða eða annað foreldri sem eru fæddir erlendis, eða eru fæddir erlendis og eiga annað eða báða foreldra sem eru íslenskir.

Vil ekki svara: Þeir sem svöruðu „vil ekki svara“ (gildi 99) í annarri eða báðum upprunabreytum og var því merkt sem brottfallsgildi og ekki inni í greiningunni.

2.1.3 Tekjur

Einstaklingstekjur voru mældar út frá spurningunni: „Hverjar voru heildartekjur þínar í síðasta mánuði fyrir skatt?“ og var tilgreint að átt væri við allar tekjur, þar með talið laun, aukavinnu, útgreidd námslán, tryggingabætur og lífeyrisgreiðslur. Hún bauð upp á eftirfarandi níu flokka: (1) 249 þúsund eða lægri, (2) 250–499 þúsund, (3) 500–749 þúsund, (4) 750–999 þúsund, (5) 1.000–1.249 þúsund, (6) 1.250–1.499 þúsund, (7) 1.500–1.749 þúsund, (8) 1.750–1.999 þúsund og (9) 2 milljónir eða hærri. Auk þess var svarmöguleikinn „vil ekki svara“ til staðar. Við úrvinnslu voru tveir lægstu flokkarnir (1 og 2) sameinaðir í einn flokk sem merktur var undir 499 þúsund. Flokkurinn „vil ekki svara“ var endurkóðaður sem brottfallsgildi og ekki nýttur í frekari greiningu. Endanleg breyta skiptist því í átta flokka: undir 499 þúsund, 500–749 þúsund, 750–999 þúsund, 1.000–1.249 þúsund, 1.250–1.499 þúsund, 1.500–1.749 þúsund, 1.750–1.999 þúsund og 2 milljónir eða hærri.

Heimilistekjur voru mældar með svipuðum forsendum, spurningin var: „Hverjar voru heildartekjur heimilisins í síðasta mánuði fyrir skatt?“ og hún sett fram með sömu skilgreiningu og einstaklingstekjur, þ.e. að hún tæki til allra tekna heimilisins, þar með talið launa, aukavinnu, útgreiddra námslána, tryggingabóta og lífeyrisgreiðslna. Sömu svarmöguleikar voru í boði: (1) 249 þúsund eða lægri, (2) 250–499 þúsund, (3) 500–749 þúsund, (4) 750–999 þúsund, (5) 1.000–1.249 þúsund, (6) 1.250–1.499 þúsund, (7) 1.500–1.749 þúsund, (8) 1.750–1.999 þúsund og (9) 2 milljónir eða hærri, auk svarmöguleikans „vil ekki svara“. Við úrvinnslu var farin sama leið og með einstaklingstekjur: lægstu tveir flokkarnir voru sameinaðir í einn flokk (undir 499 þúsund) og „vil ekki svara“ var endurkóðað sem brottfallsgildi. Endanleg breyta skiptist því einnig í átta flokka: undir 499 þúsund, 500–749 þúsund, 750–999 þúsund, 1.000–1.249 þúsund, 1.250–1.499 þúsund, 1.500–1.749 þúsund, 1.750–1.999 þúsund og 2 milljónir eða hærri.

Í greiningunni voru heimilistekjur fremur en einstaklingstekjur nýttar sem bakgrunnsbreyta, þar sem þær gefa betri mynd af heildaraðstæðum svarenda. Einstaklingstekjum var þó haldið aðgreindum í gagnasafninu og séu þær notaðar er það sérstaklega tekið fram.

2.2 Úrvinnsla gagna

Í öllum töflum er notast við lýsandi tölfræði fyrir hverja spurningu út frá tilteknum bakgrunnsbreytum. Aðferðafræðin byggir á samanburði milli hópa en til að meta hvort marktækur munur sé á milli hópa er framkvæmt Persons kí-kvaðrat próf (χ^2). Prófið metur hvort tölfræðilega marktækur munur sé á milli hópa. Miðað var við 95% vikmörk. Í framsetningu niðurstaðna er vísað til hefðbundinna marktæknimarka ($p < 0,05$; $p < 0,01$ eða $p < 0,001$). Í þeim tilfellum þar sem samband reyndist ekki marktækt er tilgreint nákvæmt p-gildi. Þó kí-kvaðrat prófið sýni fram á hvort tengsl séu á milli breyta segir marktektarprófið ekki til um orsakasamhengi.

3 Niðurstöður

Í niðurstöðum er fjallað um helstu mynstur sem fram komu í greiningu gagnanna sem safnað var. Ljósi er varpað á helstu atriði niðurstaðnanna og stöðu mismunandi hópa. Í umfjölluninni um niðurstöðurnar er vísað í töflur í viðauka en þar má finna fleiri og ítarlegri upplýsingar um stöðu launafólks á íslenskum vinnumarkaði.


3.1 Staða á vinnumarkaði

Mikill munur á stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði


Staða launafólks á vinnumarkaði innan heildarsamtakanna tveggja, ASÍ og BSRB, er nokkuð breytileg m.a. eftir kyni og uppruna.

Þannig sýna niðurstöðurnar að hærra hlutfall karla en kvenna er í launuðu starfi (83% á móti 75,80%) og umtalsvert hærra hlutfall þeirra starfar hjá einkareknu fyrirtæki (70% á móti 46%) en konur starfa í meira mæli hjá ríki (24% á móti 12%) og sveitarfélögum (21% á móti 10%) samanborið við karla. Auk þess er umtalsverður munur á í hve háu starfshlutfalli karlar og konur eru á vinnumarkaði. Mikill meirihluti karla er í fullu starfi (88%) en

hlutfallið er umtalsvert lægra meðal kvenna (64%). Hins vegar er hærra hlutfall kvenna en karla í fleiri en einu starfi (20% á móti 19%) (sjá töflu 14). Karlar og konur starfa auk þess í ólíkum atvinnugreinum. Þannig eru konur í mun meiri mæli í heilbrigðisþjónustu (23% á móti 5%), fræðslustörfum (15% á móti 4%), ræstingum (5% á móti 2%) og í stjórnsýslu, fjármálaþjónustu, upplýsingatækni og almennum skrifstofustörfum (14% á móti 9%) samanborið við karla. Karlar eru hins vegar í meiri mæli en konur í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð (14% á móti 1%), stóriðju, fráveitu-, rafmagns- og hitaveitu, sorphirðu, námugrefti og vinnslu hráefna úr jörðu (7% á móti 1%) og í störfum tengdum almannaoýruggi og dómsmálum (5% á móti 2%) (sjá töflu 16).



Mynd 1. Hlutfall karla og kvenna í fullu starfi.



Mynd 2. Algengustu starfsgreinar eftir kyni.

Hærra hlutfall innflytjenda en innfæddra er í launuðu starfi á vinnumarkaði (84% á móti 78%). Innflytjendur starfa auk þess í meiri mæli en innfæddir hjá einkareknum fyrirtækjum (75% á móti 51%) en innfæddir í meiri mæli hjá ríki (21% á móti 10%) og sveitarfélögum (18% á móti 9%). Hærra hlutfall innflytjenda er einnig í fullu starfi samanborið við innfædda (82% á móti 74%) en nánast sama hlutfall innfæddra og innflytjenda er í fleiri en einu starfi eða um fimmtungur (19% og 20%) (sjá töflu 15). Innflytjendur og innfæddir starfa að ákveðnu leyti í ólíkum atvinnugreinum. Þannig er til að mynda mun hærra hlutfall innflytjenda en innfæddra sem starfar t.d. við ræstingar (11% á móti 1%), ferðaþjónustu (12% á móti 6%), fiskvinnslu (5% á móti 1%) og í mótuneytum og á veitingahúsum (11% á móti 2%) (sjá töflu 17).


3.2 Fjárhagsstaða

Fjárhagsstaða launafólks var mæld með ýmsum mælikvörðum og sýna þeir meðal annars að tæplega sjö af hverjum tíu eiga nokkuð auðvelt, auðvelt eða mjög auðvelt með að ná endum saman (70%) (sjá töflu 18) og um sex af hverjum tíu gætu mætt óvæntum 100 þúsund króna útgjöldum án þess að stofna til skuldar (61%) (sjá töflu 21).

Meirihluti launafólks á eignir og eigið húsnæði

Meirihluti launafólks býr í eigin húsnæði (64%) (sjá töflu 12), um átta af hverjum tíu eiga bíl (81%) og ríflega helmingur á sparnað sem nemur að minnsta kosti einum mánaðarlaunum og 16% eiga verðbréf (sjá töflu 34).

Nokkuð auðvelt, auðvelt eða mjög auðvelt að ná endum saman



Mynd 3. Hlutfall launafólks sem á nokkuð auðvelt, auðvelt eða mjög auðvelt með að ná endum saman.



Mynd 4. Ríflega sex af hverjum tíu búa í eigin húsnæði (64%).




Mynd 5. Átta af hverjum tíu eiga bíl (81%).

Umtalsverður hluti launafólks er með lán til skemmri tíma

Þegar litið er til skulda launafólks er algengast að vera með húsnæðislán en það á við um meira en helming (55%). Umtalsverður hluti er einnig með skammtíma neysluskuldir svo sem yfirdrátt (28%), smálán (11%), bílalán (25%) og lán hjá vini eða fjölskyldumeðlim (11%) en auk þess eru 12% með námslán (sjá töflu 31).

Fimmtungur launafólks býr við skort eða verulegan skort á efnislegum og félagslegum gæðum

Í könnuninni var spurt um þrettán þætti sem Hagstofa Evrópusambandsins notar til að mæla efnahagslega og félagslega stöðu fólks (sjá kafla 2.3. þar sem fjallað er ítarlega um mælitækið). Í þáttunum þrettán er spurt um efnislega þætti er varða rekstur heimilis eins og að geta greitt reikninga á eindaga, hafa efni á staðgóðri máltíð annan hvern dag, geta skipt út slitnum húsgögnum o.s.frv. Mælingin nær einnig



Mynd 6. Skortur á efnislegum og félagslegum gæðum.

yfir einstaklingsbundna þætti eins og hvort fólk eigi að minnsta kosti tvö skópör sem passa, hitti vini eða fjölskyldu í drykk eða mat mánaðarlega o.fl. Samkvæmt skilgreiningunni býr fólk sem skortir fimm þessara þrettán þátta við skort á efnislegum og félagslegum gæðum og ef fólk skortir sex eða fleiri þætti býr það við verulegan skort. Niðurstöðurnar sýna að umtalsveður hluti launafólks býr við skort eða verulegan skort á efnislegum og félagslegum gæðum en það á við um 23% launafólks (sjá töflu 28).

Slæm fjárhagsstaða launafólks birtist í fleiri mælingum en tæplega þriðjungur á til að mynda erfitt með að ná endum saman (30%) (sjá töflu 18), nánast sama hlutfall getur ekki mætt óvæntum 100 þúsund króna útgjöldum án þess að stofna til skuldar (31%) (sjá töflu 21), fjórðungur hefur ekki efni á árlegri vikulangri ferð fjarri heimili (25%) og tæplega þriðjungur getur ekki skipt út slitnum húsgögnum á heimilinu (32%) (sjá töflu 24). Auk þess er um fjórðungur launafólks með yfirdrátt (28%) og bílalán (25%) (sjá töflu 31).

Hluti launafólks hefur ekki tök á að greiða kostnað vegna grunnþátta fyrir börnin sín

Þónokkur hluti launafólks hefur ekki fjárhagslegt svigrúm til að greiða grunnþætti fyrir börnin sín. Fimmtungur foreldra hafði vegna fjárskorts á síðustu 12 mánuðum ekki tök á að greiða kostnað við að halda afmæli eða veislur fyrir barnið sitt (22%), gefa börnum sínum afmælis- og eða jólagjafir (22%), gefa börnum sínum eins næringarríkan mat og foreldrarnir vildu (19%) og nánast sama hlutfall hafði ekki efni á kostnaði vegna félagslífs barna sinna til dæmis að fara í bíó með vini (19%). Auk þess er tæplega fimmtungur sem ekki hefur efni á nauðsynlegum klæðnaði fyrir börnin sín (18%) (sjá töflu 39).




Mynd 7. Fimmtungur foreldra (19%) hefur ekki efni á að gefa börnum sínum eins næringarríkan mat og þau vilja.

Þrátt fyrir að heilt á litið mælist fjárhagsstaða launafólks nokkuð góð búa um 30% launafólks við allt önnur kjör. Fjárhagsstaða láglaunafólks er mjög erfitt og umtalsverður hluti á vinnumarkaði býr við raunverulegan skort. Slæm fjárhagsstaða snertir mismunandi hópa launafólks og hér verður fjallað um fjárhagsstöðu þriggja hópa; láglaunafólks, innflytjenda og kvenna.

Fjárhagsstaða lágtekjufólks er mjög bagaleg

Fjárhagsstaða launafólks var greind eftir heimilistekjum og sýnir mjög skýrt mynstur. Á öllum mælikvörðum sem notaðir voru í rannsókninni til að meta fjárhagsstöðu er gríðarlega mikill munur á stöðu fólks eftir heimilistekjum. Til að mynda er nokkuð erfitt, erfitt eða mjög erfitt að ná endum saman á meira en helmingi heimila þar sem heildar heimilistekjur á mánuði eru 499 þúsund krónur eða lægri. Þegar næstu flokkar heimilistekna eru skoðaðir út frá hlutfalli þeirra sem eiga erfitt með að ná endum saman (hér eftir er talað um erfitt með að ná endum saman þegar fjallað er um þau sem eiga nokkuð erfitt, erfitt og mjög erfitt með að ná endum saman) kemur fram að hlutfallið lækkar ögn meðal þeirra sem eru með 500-749 þúsund í heimilistekjur (49%), lækkar enn meira meðal þeirra sem eru með 750-999 þúsund (38%) og með eina milljón til 1.249 þúsund (30%) og

er komið í um fimmtung á þeim heimilum þar sem heimilistekjur eru á bilinu 1.250-1.499 þúsund krónur (22%). Hlutfallið er svo um 15% á heimilum sem eru með 1.500-1.749 þúsund, 10% þar sem tekjurnar eru 1.750-1.900 þúsund og 5% á heimilum með tvær milljónir eða meira í tekjur (sjá töflu 20).




Mynd 8. Nokkuð erfitt, erfitt eða mjög erfitt að ná endum saman eftir heimilistekjum.

Samskonar mynstur sést á öðrum mælikvörðum um fjárhagsstöðu. Til að mynda gæti einungis um þriðjungur þeirra þar sem heimilistekjur eru undir 499 þúsund krónur á mánuði mætt óvæntum 100.000 króna útgjöldum án þess að stofna til skuldar (34%) samanborið við níu af hverjum tíu þar sem heimilistekjur eru tvær milljónir eða hærri (90%) (sjá töflu 23).

Gríðarlegur munur er auk þess á skorti eða verulegum skorti á efnislegum- og félagslegum gæðum eftir heimilistekjum. Tæplega helmingur launafólks með heimilistekjur undir 499 þúsund krónum á mánuði býr við skort eða verulegan skort á efnislegum og félagslegum gæðum (46%). Hlutfallið er einnig hátt meðal þeirra sem eru með heimilistekjur á bilinu 500-749 þúsund eða 41% og á bilinu 750-999 þúsund eða 29%. Sama á við um ríflega fimmtung þeirra sem eru með heimilistekjur á bilinu 1 milljón til 1.249 þúsund (22%) en lækkar umtalsvert þegar heimilistekjurnar eru orðnar hærri en 1.250 þúsund krónur (sjá töflu 30). Fólk sem býr við skort á

efnislegum og félagslegum gæðum skortir fimm eða fleiri þætti eins og að hafa efni á staðgóðri máltíð annan hvern dag, geta greitt reikninga á eindaga, sinnt viðhaldi heimils, sinnt tómstundum eða áhugamálum o.s.frv.


Mun algengara er að foreldrar á tekjulægri heimilum hafi vegna fjárskorts á síðustu 12 mánuðum ekki haft efni á grunnþáttum fyrir börnin sín. Þannig getur til að mynda helmingur þeirra foreldra þar sem heimilistekjur eru 499 þúsund á mánuði eða lægri ekki greitt kostnað vegna félagslífs barna sinna (50%). Meira en helmingur getur ekki greitt kostnað við að halda afmæli fyrir börnin sín eða aðrar veislur vegna þeirra (51%) eða gefið börnum sínum jóla- og eða afmælisgjafir (53%). Rétt innan við helmingur hefur ekki efni á nauðsynlegum klæðnaði fyrir börnin sín (48%) eða að gefa þeim eins næringarríkan mat og þau vilja (47%). Hlutfall foreldra sem hafa ekki efni á þessum þáttum er ögn lægra þar sem heimilistekjur eru á bilinu 500-749 þúsund krónur en þó mjög hátt. Um fjórir af hverjum tíu foreldrum þar sem tekjur eru á bilinu 500-749 þúsund krónur geta ekki greitt kostnað vegna félagslífs (40%), haldið afmæli eða veislur (43%), gefið börnum sínum afmælis- og eða jólagjafir (44%), keypt nauðsynlegan klæðnað (37%) eða eins næringarríkan mat og þau vilja gefa börnum sínum (39%) (sjá töflu 41).



Mynd 9. Hlutfall foreldra sem segir að fjárskortur á síðastliðnum 12 mánuðum hafi komið í veg fyrir að þeir gætu gefið börnum sínum eins næringarríkan mat og þeir vilja eftir heimilistekjum á mánuði.

Hærri atvinnuþátttaka meðal innflytjenda en lægri atvinnutekjur

Hærra hlutfall innflytjenda en innfæddra er í launuðu starfi á vinnumarkaði (84% á móti 78%) og í 100% starfshlutfalli (82% á móti 74%) (sjá töflu 15). Auk þess er hátt hlutfall innflytjenda með menntun á háskólastigi sem er raunar umtalsvert hærri en hlutfall innfædds launafólks innan ASÍ og BSRB (37% á móti 23%) (sjá töflu 3). Engu að síður er hærri hlutfall innflytjenda með lágar atvinnutekjur samanborið við innfædda. Þannig eru tæplega fjórir af hverjum tíu innflytjendum með atvinnutekjur sem eru 499 þúsund krónur eða lægri á mánuði en um fimmtingur innfæddra (39% á móti 19%) og sömuleiðis er hærri hlutfall innflytjenda með atvinnutekjur á bilinu 500-749 þúsund krónur á mánuði (37% á móti 28%) samanborið við innfædda. 8% innflytjenda eru með eina milljón króna eða hærri atvinnutekjur á mánuði en hlutfallið er 26% meðal innfæddra (sjá töflu 5).



Mynd 10. Atvinnutekjur á mánuði fyrir skatta og önnur gjöld eftir uppruna.

Hátt hlutfall innflytjenda á leigumarkaði

Lægri atvinnutekjur innflytjenda endurspeglast í öðrum mælikvörðum um fjárhagsstöðu. Þannig er til að mynda herra hlutfall innflytjenda en innfæddra sem á erfitt með að ná endum saman (42% á móti 27%) (sjá töflu 19), getur ekki mætt óvæntum 100 þúsund króna útgjöldum án þess að stofna til skuldar (37% á móti 29%) (sjá töflu 22) og býr við skort á efnislegum og félagslegum gæðum (37% á móti 18%) (sjá töflu 29). Auk þess er herra hlutfall innflytjenda með smálán eða önnur skammtímalán (15% á móti 10%) en mun lægra hlutfall er með húsnæðislán (28% á móti 64%) (sjá töflu 32) enda býr einungis um fjórðungur innflytjenda í eigin húsnæði (26% á móti 77%) en tæplega sex af hverjum tíu eru á leigumarkaði (58%). Af þeim eru 45% á almennum leigumarkaði, tæplega 9% í leiguhúsnæði á vegum atvinnurekenda og tæplega 5% í leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrífnum leigusamtökum (sjá töflu 13).



Mynd 11. Tæplega sex af hverjum tíu innflytjendum eru í leiguhúsnæði á almennum markaði, leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrífnum leigusamtökum eða í leiguhúsnæði á vegum atvinnurekenda.


Staða innflytjenda á húsnæðismarkaði og slæm fjárhagsstaða birtist auk þess þegar litið er til hlutfalls innflytjenda sem sökum fjárskorts getur ekki greitt fyrir grunnþætti fyrir börnin sín. Þannig hefur til að mynda herra hlutfall innflytjendaforeldra en innfæddra foreldra ekki efni á kostnaði vegna félagslífs barna sinna (34% á móti 14%), getur ekki haldið afmæli eða veislur vegna barna (37% á móti 16%), gefið börnum sínum afmælis- og eða jólagjafir (37% á móti 17%) og hefur ekki efni á nauðsynlegum klæðnaði (33% á móti 13%) og eins næringarrikkum og mat og þau vilja gefa börnum sínum (32% á móti 15%) (sjá töflu 40).

Fjárhagsstaða kvenna verri en karla

Fjárhagsstaða karla og kvenna er nokkuð ólík. Það sést hvað skýrast þegar litið er til atvinnutekna. Mun herra hlutfall kvenna en karla er með heildartekjur á mánuði sem eru lægri en 749 þúsund krónur en það á við um tæplega sjö af hverjum tíu konum (68%) en um fjóra af hverjum tíu körlum (41%). Að sama skapi er um þriðjungur karla með heildartekjur á mánuði sem eru 1.000.000 kr. eða hærri (33%) en sama á við um ríflega eina af hverjum tíu konum (12%) (sjá töflu 4).

Herra hlutfall kvenna á nokkuð erfitt, erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman (32% á móti 28%) (sjá töflu 18), getur ekki mætt óvæntum 100.000 kr. útgjöldum án þess


að stofna til skuldar (35% á móti 26%) (sjá töflu 21) og býr við skort eða verulegan skort á efnislegum og félagslegum gæðum (26% á móti 20%) (sjá töflu 28). Einnig er herra hlutfall kvenna en karla sem hefur ekki efni á öllum þeim fimm þáttum sem spurt var um í könnuninni og varðar grunnþætti fyrir börn s.s. að hafa efni á nauðsynlegum klæðnaði (21% á móti 14%) og næringarríkum mat (23% á móti 15%) (sjá töflu 39).



Mynd 12. Hlutfall launafólks með heildartekjur á mánuði undir 749 þúsund eftir kyni.

3.3 Andleg- og líkamleg heilsa

Hærra hlutfall fólks með lágar heimilistekjur býr við slæma líkamlega heilsu




heilsu samanborið við þau sem eru með hærri heimilistekjur. Þannig er ríflega fimmtungur þeirra sem er með 499 þúsund eða lægri heimilistekjur sem metur líkamlega heilsu sína mjög eða frekar slæma (23%) og sama á við um fimmtung þeirra sem eru með 500-749 þúsund í heimilistekjur (21%). Sama á hins vegar við um 10% af heimilum þar sem heildartekjur eru 1.750 þúsund eða hærri (sjá töflu 44).

Hátt hlutfall launafólks býr við slæma andlega líðan

Andleg líðan launafólks er metin í könnuninni með mælitæki sem samanstendur af níu spurningum sem falið er að meta tíðni neikvæðra andlegra einkenna síðustu tvær vikur (sjá kafla 2.3. þar sem fjallað er ítarlega um mælitækið). Hátt hlutfall launafólks finnur fyrir neikvæðum andlegum einkennum en þannig er til að mynda fimmtungur sem finnur meira en helming tímans eða nánast alla daga fyrir áhugaleysi (21%), meira en fjórðungur á í svefnerfiðleikum (29%) og meira en þriðjungur finnur fyrir þreytu og orkuleysi (36%) (sjá töflu 45).

Mælitækið sem notað er til að meta neikvæð andleg einkenni gerir einnig kleift að skoða andlega líðan launfólks og sýna


niðurstöðurnar að tæplega þrír af hverjum tíu búa við slæma andlega líðan (29%). Hærra hlutfall kvenna en karla (32% á móti 25%) (sjá töflu 46) og innflytjenda samanborið við innfædda (38% á móti 26%) býr við slæma andlega líðan (sjá töflu 47). Einnig sést skýrt mynstur þegar slæm andleg líðan er skoðuð í tengslum við heimilistekjur (sjá töflu 48).



Mynd 14. Hlutfall kvenna, karla, innfæddra og innflytjenda sem býr við slæma andlega líðan.

Slæm andleg líðan mun algengari meðal fólks á tekjulágum heimilum

Mikill munur er á hlutfalli launafólks sem býr við slæma andlega heilsu eftir heimilistekjum. Þannig er langhæst hlutfall fólks með lægstu og næstlægstu heimilistekjurnar sem mælist með slæma andlega líðan (41% og 39%) en mun lægra sérstaklega í efstu tveimur tekjuhópunum (17% og 13%) (sjá töflu 48).



Mynd 15. Hlutfall launafólks sem býr við slæma andlega líðan eftir heimilistekjum.

4 Viðauki

4.1 Lýðfræði

Tafla 1. Lýðfræði svarenda eftir kyni og uppruna.

	N	Hlutfall
<i>Kyn</i>		
Konur og kvár	13.184	54,02%
Karlar	11.223	45,98%
<i>Uppruni</i>		
Innfæddir	16.915	69,94%
Innflytjendur	6.045	24,99%
Með erlendan bakgrunn	1.226	5,07%

Tafla 2. Lýðfræðileg samsetning eftir kyni.

	Konur og kvár	Karlar	Samtals
<i>Aldur</i>	$\chi^2(4, N=24.352) = 63,39, p < 0.001$		
30 ára og yngri	22,25%	19,40%	20,94%
31 – 40 ára	21,58%	24,55%	22,94%
41 – 50 ára	19,16%	20,52%	19,78%
51 – 60 ára	18,96%	19,23%	19,09%
61 árs og eldri	18,05%	16,30%	17,24%
<i>Uppruni</i>	$\chi^2(2, N=24.073) = 5,86, p = 0.053$		
Innfæddir	69,36%	70,79%	70,02%
Innflytjendur	25,50%	24,29%	24,94%
Með erlendan bakgrunn	5,14%	4,91%	5,03%
<i>Fjölskyldustaða</i>	$\chi^2(3, N=15.062) = 136,94, p < 0.001$		
Einhleyp/ur/t með barn	9,05%	5,00%	7,20%
Einhleyp/ur/t	26,26%	23,44%	24,98%
Í sambúð/hjónabandi eða sambúð með barn	27,76%	33,32%	30,29%
Í sambúð/hjónabandi eða sambúð	36,92%	38,24%	37,52%
<i>Menntun</i>	$\chi^2(6, N=23.801) = 1200,00, p < 0.001$		
Grunnskólanám eða sambærilegt	14,49%	16,51%	15,42%
Starfstengt nám á framhaldsskólastigi	17,41%	11,20%	14,55%
Framhaldsskólapróf eða sveinspróf	26,70%	34,28%	30,19%
Iðnmeistarapróf	2,45%	10,65%	6,23%
Diplómapróf	7,46%	7,06%	7,27%
Grunnnám á háskólastigi (BA, BSc, BEd)	20,46%	13,64%	17,32%
Framhaldsnám á háskólastigi (MA, MSc, PhD)	11,03%	6,66%	9,02%

Tafla 3. Lýðfræðileg samsetning eftir uppruna.

	Innfæddir	Innflytjendur	Með erlendan bakgrunn	Samtals
<i>Kyn</i>	$\chi^2(2, N=24.073) = 5,86, p = 0.053$			
Konur og kvár	53,51%	55,22%	55,12%	54,01%
Karlar	46,49%	44,78%	44,88%	45,99%
<i>Aldur</i>	$\chi^2(8, N=24.119) = 2300,00, p < 0.001$			
30 ára og yngri	18,90%	24,70%	32,73%	21,05%
31 – 40 ára	17,66%	37,23%	24,30%	22,89%
41 – 50 ára	18,50%	24,12%	13,83%	19,67%
51 – 60 ára	22,24%	11,17%	14,98%	19,11%
61 árs og eldri	22,69%	2,79%	14,16%	17,29%
<i>Fjölskyldustaða</i>	$\chi^2(6, N=14.993) = 173,43, p < 0.001$			
Einhleyp/ur/t með barn	7,11%	6,59%	12,12%	7,20%
Einhleyp/ur/t	22,23%	31,57%	29,44%	25,02%
Í sambúð/hjónabandi eða sambúð með barn	31,41%	27,97%	25,40%	30,23%
Í sambúð/hjónabandi eða sambúð	39,25%	33,87%	33,04%	37,55%
<i>Menntun</i>	$\chi^2(12, N=23.633) = 1100,00, p < 0.001$			
Grunnskólanám eða sambærilegt	18,18%	6,30%	20,77%	15,38%
Starfstengt nám á framhaldsskólastigi	14,65%	14,44%	13,96%	14,56%
Framhaldsskólapróf eða sveinspróf	30,95%	27,19%	34,48%	30,20%
Iðnmeistarapróf	7,14%	3,95%	4,71%	6,23%
Diplómapróf	6,16%	10,66%	5,05%	7,21%
Grunnnám á háskólastigi (BA, BSc, BEd)	15,83%	22,14%	15,22%	17,35%
Framhaldsnám á háskólastigi (MA, MSc, PhD)	7,09%	15,33%	5,80%	9,06%

4.2 Tekjur

Tafla 4. Heildartekjur í síðasta mánuði fyrir skatta og önnur gjöld eftir kyni.

	Konur/kvár	Karlar	Samtals
Undir 499 þúsund	32,10%	15,57%	24,48%
500-749 þúsund	35,42%	25,05%	30,64%
750-999 þúsund	20,73%	26,89%	23,57%
1.000-1.249 þúsund	7,60%	17,54%	12,18%
1.250-1.499 þúsund	2,61%	8,21%	5,19%
1.500-1.749 þúsund	0,80%	3,38%	1,99%
1.750-1.999 þúsund	0,42%	1,51%	0,92%
2 milljónir eða hærri	0,32%	1,86%	1,03%

$\chi^2(7, N = 19.206) = 1800,00, p < 0.001$

Tafla 5. Heildartekjur í síðasta mánuði fyrir skatta og önnur gjöld eftir uppruna.

	Innfæddir	Innflytjendur	Með erlendan bakgrunn	Samtals
499 þúsund eða lægri	19,46%	38,49%	27,17%	24,33%
500-749 þúsund	28,46%	37,34%	30,14%	30,64%
750-999 þúsund	26,25%	16,10%	21,78%	23,63%
1.000-1.249 þúsund	14,57%	5,12%	12,43%	12,23%
1.250-1.499 þúsund	6,46%	1,55%	4,84%	5,22%
1.500-1.749 þúsund	2,45%	0,75%	1,54%	2,00%
1.750-1.999 þúsund	1,13%	0,35%	0,55%	0,92%
2 milljónir eða hærri	1,22%	0,31%	1,54%	1,02%

$\chi^2(14, N = 19.105) = 1300,00, p < 0.001$

Tafla 6. *Heildartekjur í síðasta mánuði fyrir skatta og önnur gjöld eftir menntun.*

	Grunnskóla- próf	Starfstengt nám	Framhalds- skólapróf	Iðnmeistara- próf	Diplómapróf	BA/BS	MA/MS	Samtals
499 þúsund eða lægri	32,79%	28,54%	24,60%	15,96%	21,72%	20,86%	18,65%	24,36%
500-749 þúsund	33,19%	36,64%	30,36%	22,91%	28,67%	30,45%	25,79%	30,65%
750-999 þúsund	19,20%	19,25%	25,09%	26,63%	24,49%	26,05%	24,90%	23,61%
1.000-1.249 þ.	8,46%	8,55%	11,33%	20,26%	14,69%	13,93%	15,61%	12,20%
1.250-1.499 þ.	3,62%	3,86%	4,86%	7,44%	6,74%	5,20%	8,47%	5,24%
1.500-1.749 þ.	1,23%	1,56%	1,74%	3,72%	1,92%	1,87%	3,82%	2,00%
1.750-1.999 þ.	0,72%	0,59%	0,98%	0,99%	1,06%	0,80%	1,60%	0,92%
2 m. eða hærri	0,80%	1,00%	1,05%	2,07%	0,71%	0,83%	1,16%	1,02%

$\chi^2(42, N = 18.952) = 654,91, p < 0.001$

Tafla 7. Heildartekjur í síðasta mánuði fyrir skatta og önnur gjöld eftir aldri.

	30 ára eða yngri	31-40 ára	41-50 ára	51-60 ára	61 árs eða eldri	Samtals
499 þúsund eða lægri	36,72%	23,93%	19,44%	16,41%	26,97%	24,53%
500-749 þúsund	34,06%	30,38%	28,43%	27,93%	32,80%	30,62%
750-999 þúsund	18,30%	24,65%	24,81%	28,16%	21,04%	23,54%
1.000-1.249 þúsund	6,83%	12,60%	15,19%	15,01%	10,76%	12,17%
1.250-1.499 þúsund	2,34%	5,20%	6,63%	7,05%	4,55%	5,19%
1.500-1.749 þúsund	0,74%	1,67%	2,73%	2,91%	2,01%	2,01%
1.750-1.999 þúsund	0,43%	0,70%	1,27%	1,43%	0,75%	0,91%
2 milljónir eða hærri	0,58%	0,86%	1,49%	1,11%	1,13%	1,03%

$\chi^2(28, N = 19.243) = 862,52, p < 0.001$

Tafla 8. Heildartekjur heimilis í síðasta mánuði fyrir skatta og önnur gjöld eftir kyni.

	Konur/kvár	Karlar	Samtals
499 þúsund eða lægri	15,63%	9,76%	12,89%
500-749 þúsund	20,56%	13,75%	17,38%
750-999 þúsund	17,71%	15,62%	16,74%
1.000-1.249 þúsund	14,28%	14,09%	14,19%
1.250-1.499 þúsund	10,17%	12,18%	11,11%
1.500-1.749 þúsund	8,30%	12,10%	10,07%
1.750-1.999 þúsund	5,99%	9,40%	7,58%
2 milljónir eða hærri	7,35%	13,10%	10,03%

$\chi^2(7, N = 17.950) = 546,41, p < 0.001$

Tafla 9. Heildartekjur heimilis í síðasta mánuði fyrir skatta og önnur gjöld eftir uppruna.

	Innfæddir	Innflytjendur	Með erlendan bakgrunn	Samtals
499 þúsund eða lægri	7,42%	28,39%	14,36%	12,71%
500-749 þúsund	14,36%	26,05%	18,37%	17,32%
750-999 þúsund	16,14%	18,92%	15,82%	16,78%
1.000-1.249 þúsund	14,89%	12,02%	15,21%	14,23%
1.250-1.499 þúsund	12,92%	6,12%	9,73%	11,16%
1.500-1.749 þúsund	12,05%	4,39%	9,49%	10,12%
1.750-1.999 þúsund	9,53%	2,03%	6,45%	7,61%
2 milljónir eða hærri	12,68%	2,08%	10,58%	10,07%

$\chi^2(14, N = 17.854) = 2300,00, p < 0.001$

Tafla 10. *Heildartekjur heimilis í síðasta mánuði fyrir skatta og önnur gjöld eftir menntun.*

	Grunnskólapróf	Starfstengt nám	Framhaldsskólapróf	Iðnmeistarapróf	Diplómapróf	BA/BS	MA/MS	Samtals
499 þúsund eða lægri	15,05%	17,65%	11,15%	9,66%	14,96%	10,83%	10,18%	12,66%
500-749 þúsund	20,75%	19,80%	17,86%	11,73%	14,89%	16,52%	14,36%	17,34%
750-999 þúsund	18,81%	17,29%	16,76%	15,27%	17,07%	15,39%	16,19%	16,75%
1.000-1.249 þ.	15,05%	14,34%	14,51%	13,20%	13,68%	14,05%	13,56%	14,24%
1.250-1.499 þ.	10,77%	10,36%	11,53%	14,24%	10,45%	12,11%	8,58%	11,17%
1.500-1.749 þ.	8,16%	8,65%	10,43%	12,77%	10,38%	11,42%	9,95%	10,13%
1.750-1.999 þ.	5,27%	6,02%	7,66%	10,44%	7,52%	8,39%	10,01%	7,62%
2 m. eða hærri	6,14%	5,90%	10,10%	12,68%	11,05%	11,30%	17,16%	10,09%

$\chi^2(42, N = 17.714) = 471,08, p < 0.001$

Tafla 11. *Heildartekjur heimilis í síðasta mánuði fyrir skatta og önnur gjöld eftir aldri.*

	30 ára eða yngri	31-40 ára	41-50 ára	51-60 ára	61 árs eða eldri	Samtals
499 þúsund eða lægri	17,95%	13,63%	12,26%	8,90%	12,09%	12,89%
500-749 þúsund	19,53%	17,10%	15,47%	14,64%	21,22%	17,37%
750-999 þúsund	18,04%	17,26%	14,63%	16,00%	18,22%	16,74%
1.000-1.249 þúsund	14,49%	15,70%	13,15%	13,42%	13,89%	14,18%
1.250-1.499 þúsund	9,19%	11,46%	10,56%	12,23%	12,03%	11,12%
1.500-1.749 þúsund	7,89%	9,63%	10,93%	11,95%	9,66%	10,07%
1.750-1.999 þúsund	5,36%	6,85%	9,78%	9,07%	6,33%	7,57%
2 milljónir eða hærri	7,55%	8,38%	13,22%	13,78%	6,56%	10,05%

$\chi^2(28, N = 17.977) = 471,86, p < 0.001$

4.3 Staða á húsnæðismarkaði

Tafla 12. *Staða á húsnæðismarkaði eftir kyni.*

	Konur/kvár	Karlar	Samtals
Eigin húsnæði	63,74%	64,46%	64,07%
Leiguhúsnæði á almennum markaði	17,84%	17,75%	17,80%
Búsetuíbúð hjá húsnæðissamvinnufélagi	1,73%	1,72%	1,72%
Leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrífnum leigusamtökum	3,26%	2,68%	3,00%
Leiguhúsnæði á vegum atvinnurekenda	1,84%	3,13%	2,43%
Hjá foreldrum/ættingjum	7,93%	7,17%	7,58%
Annað	3,66%	3,10%	3,40%

$\chi^2(6, N = 20.150) = 48,69, p < 0.001$

Tafla 13. *Staða á húsnæðismarkaði eftir uppruna.*

	Innfæddir	Innflytjendur	Með erlendan bakgrunn	Samtals
Eigin húsnæði	76,61%	26,44%	57,75%	64,17%
Leiguhúsnæði á almennum markaði	9,05%	45,23%	16,36%	17,73%
